

AUGLÝSING

um friðlýsingu húsa sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001.

MENNTAMÁLARÁÐHERRA

gjörir kunnugt:

Með vísan til 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001, hefur menntamálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu húsafriðunarnefndar ríkisins að friða ytra og innra borð Listasafns Einars Jónssonar ásamt föstum og upprunalegum innréttingum.

Með vísan til 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001, hefur menntamálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu húsafriðunarnefndar ríkisins að friða ytra og innra borð almenningsrýma Norræna hússins.

Með vísan til 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001, hefur menntamálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu húsafriðunarnefndar ríkisins að friða laug, búningsklefa og sturtur Sundhallar Reykjavíkur.

Með vísan til 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001, hefur menntamálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu húsafriðunarnefndar ríkisins að friða forsali og aðalsal Þjóðleikhússins.

Ritað í Reykjavík, 25. apríl 2003.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Árnason.